

# Fundargerð

## Samráðsfundur Umhverfisstofnunar og Fiskistofu vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda

Fundurinn var haldinn á Teams, 27. febrúar 2024 kl. 10:00-10:30

**Þátttakendur á fundinum voru:** Guðni Magnús Eiríksson sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs hjá Fiskistofu, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

### Tilgangur með fundi

Að fræðast af fagaðila um hvort rannsóknir eða mat hafi verið gert í Dynjandisá m.t.t. fiskigengdar í ánni.

### Fundargerð

Megin umræður snerust um hvort og með hvaða hætti veiðar í Dynjandisá verða ávarpaðar í nýrri stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dynjanda. Dynjandisjörðin er í eigu íslenska ríkisins og hafa Ríkiseignir umsjón með eignarhaldinu.

Guðni upplýsti um að fylgst hafi verið með veiði í nágrettaánni Mjólka og að þar hafi Hafrannsóknarstofnun metið hversu stóran stofn sú á geti borið. Niðurstaðan var að Mjólka, sem er um 270 metra löng, geti borið stofn sem er 2 fiskar en þar teljast árlega tugir fiska á ákveðnum tíma árs. Mest eru þetta villuráfandi fiskar svokallaðir eða eldisfiskar.

Í Dynjandisá er um að ræða um 250 metra á frá ósi að fyrsta ófiskgenga fossi þar sem líklegt er að fiskur geti fundist/veiðst. Hægt er að áætla að sá stofn sem Dynjandisá fóstrar sé mjög lítill – aðeins örfáir fiskar, sbr. Mjólka.

Að mati Guðna kæmi til álita að friða Dynjandisá fyrir veiði, líkt og gert var með Mjólka með því að gera nýtingaráætlun sem er á höndum eiganda að leggja fram til Fiskistofu. Það er á ábyrgð eiganda að tryggja sjálfbæra nýtingu og í áætlun skal koma fram hvaða stangafjöldi er leyfður á ári en hann getur verið 0, sem jafngildir friðun. Eigendur Mjólka vildu friða ána, m.a. á þeim forsendum að upp í hana leiti villuráfandi fiskar sem eru á leiðinni norðar í sínar heimaár og í kringum þær séu stundum veiðifélög, þar sem fólk kaupir dýr veiðileyfi til að veiða í þeim. Rétt væri að kanna hvort til er mat fyrir Dynjandisá, líkt og fyrir Mjólka.

Nýtingaráætlun þarf alltaf að liggja fyrir. Spurning er því hvort málefnaleg sjónarmið geti verið fyrir því að friða ána.

Guðni ráðlagði Umhverfisstofnun heyra í Guðna Guðbergssyni sviðsstjóra ferskvatns- og eldissviðs hjá Hafró til að fræðast um vöktun og/eða rannsóknir sem mögulega hafa verið gerðar í Dynjandisá.

### Næstu skref.

- Fulltrúar Umhverfisstofnunar óska eftir samráðsfundi með Guðna Guðbergssyni hjá Hafrannsóknarstofnun